

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd
Sendandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Dagsetning: 09.05.2018
Málsnúmer: SRN18030015
Bréfalykill:

Efni: Viðbrögð við athugasemdum við frumvarp til laga á sviði fjarskipta (tíðnigjald og alþjónusta í fjarskiptum) 148. löggjafarþing, 454. mál, ofl.

Á fundi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 3. maí sl. var óskað eftir viðbrögðum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis við athugasemd sem fram kom frá Sýn hf. (Vodafone). Þá var óskað eftir upplýsingum um hugsanlega notkun á UHF tíðnisviði fyrir gagnaflutningsnet. Í minnisblaði þessu er einnig umfjöllun um athugasemdir Mílu við umrætt frumvarp.

I. Athugasemd Sýnar hf. við 7. gr. frumvarps um gjald fyrir endurúthlutun 900MHz tíðniheimilda.

1. Ákvæði frumvarps

Í 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (454. mál) er ákvæði þess efnis að við endurúthlutun tveggja tíðniréttinda á 900 MHz tíðnisviðinu skuli taka gjald að upphæð kr. 10.000.000 fyrir hvora heimild. Endurúthlutun þessi fór fram í febrúar 2017, en fyrirvari var gerður um hugsanlega gjaldtöku ef Alþingi veitti til þess heimild.

2. Athugasemdir við gjaldtökuákvæðið í frumvarpinu.

Sýn hf. (Vodafone) hefur sent umhverfis- og samgöngunefnd umsögn þar sem gerð er athugasemd við gjaldtökuákvæðið í 7. gr. Fyrirtækið telur ákvæðið stangast á við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár þar sem gjaldtakan er bundin við atburð (útgáfu heimilda) sem varð áður en lagaheimild lá fyrir.

3. Mat á athugasemd

Telja verður að þó að um sé að ræða auðlindagjald, sem ekki verður talið ótvírætt að sé skattur, þá sé ákveðin áhætta fólgin í því að samþykkja ákvæðið óbreytt. Hugsanlegt er að viðkomandi fyrirtæki myndu láta reyna á gjaldtökuheimildina og ekki er einsýnt á hvorn veginn slíkt mál myndi fara.

4. Tillaga - Lagt er til að fallið verði frá gjaldtöku vegna lagalegrar óvissu

- Í tilefni af athugasemd Sýnar hf. hefur ráðuneytið tekið málið til gagngerrar endurskoðunar. Í ljósi þess að lagaleg óvissa er um stöðu ákvæðisins gagnvart stjórnarskrá og með hliðsjón af því að um óverulega upphæð er að ræða er lagt til að fallið verði frá þessari gjaldtöku og að 7. gr. frumvarpsins verði felld brott.
- Afleiðing þessarar breytingar væri 20 milljón króna tekjumissir ríkissjóðs miðað við frumvarpið eins og það var lagt fram. Ekki yrði um neina endurgreiðslu úr ríkissjóði að ræða þar sem ekkert hefur verið innheimt/greitt af umræddu gjaldi.

- Ekki verður séð að breytingin hefði nokkur önnur áhrif en fyrrgreint tekjutap. Löggjafinn hefur frjálssar hendur um verðlagningu tíðnileyfanna þegar þau koma til endurúthlutunar árið 2022.
- Ákveðin sanngirni er falin í því að Síminn og Vodafone fái að hafa 2x5 MHz til afnota næstu 4 árin án auðlindagjalds, þar sem Nova hefur á sama tíma til afnota 2x5 MHz á sama tíðnisviði sem úthlutað var án auðlindagjalds (og enginn fyrirvari var gerður um hugsanlega gjaldtöku).

II. Athugasemdir Mílu hf. við frumvarpið

Varðandi athugasemdir Mílu hf. telur ráðuneytið að umræddar breytingar á alþjónustu séu ekki meira íþyngjandi fyrir Mílu hf. en núgildandi ákvæði. Þvert á móti gefi breytingin færi á því að létta byrðum af félaginu að einhverju leyti. Ráðuneytið getur tekið undir þá umfjöllum um alþjónustuhluta frumvarpsins sem er að finna í umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar til nefndarinnar vegna frumvarpsins, dags. 8. maí 2018.

Hvað varðar ákvæði um nothæfan internetaðgang þá getur ráðuneytið ekki fallist á þá skoðun Mílu að það sé í andstöðu við EES rétt að setja slíkt ákvæði. Sú EES gerð sem er að baki alþjónustuákvæðum laga um fjarskipti nr. 81/2003 er tilskipun 2002/22/EB 2006/EES/30/20 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu. Í gerðinni kemur fram í 2. mgr. 4. gr. að tenging endanotenda skuli gera þeim kleift að hringja og taka á móti upphringingum innanlands og frá útlöndum, eiga samskipti í formi símbréfa og/eða með gagnaflutningum með gagnasendingahraða sem er nægilegur til að veita nothæfan aðgang að Netinu, að teknu tilliti til ráðandi tækni sem notuð er af meirihluta áskrifenda og hvort það sé tæknilega mögulegt. Tilskipunin segir ekkert um það að lögbinda skuli ákveðinn gagnaflutningshraða.

III. Um notkun á UHF tíðnisviði fyrir gagnaflutningsnet

Á fundi með nefndinni kom fram fyrirspurn um það hvort nýta mætti tíðnir á milli sjónvarpsrása til þess að veita gagnaflutningsþjónustu til endanotenda.

Þær upplýsingar hafa fengist um málið frá Póst- og fjarskiptastofnun að um sé að ræða svokallað „white space“ sem er ónýtt tíðnisvið á UHF tíðnisviðinu. Ekki hefur verið mikil eftirspurn eftir þessum bútum. Umræða hefur verið og er í gangi varðandi nýtingu þessara tíðna fyrir t.d. tengda hluti (Tæki í Tæki, e. Internet of Things). Í aðdraganda tíðnistefnu Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir 2015-2018 voru hagsmunaaðilar m.a. spurðir út í þörfina og má sjá niðurstöður á vefsíðu stofnunarinnar. PFS telur ljóst af umsögnum hagsmunaaðila að TÍT tæknin er enn tiltölulega skammt á veg komin og að nauðsynlegt sé að fylgjast náið með þróun þessara mála í Evrópu og á alþjóðavísu.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að veiting heimilda fyrir notkun á tíðnisviðinu yrði frekar einföld framkvæmd ef eftir því yrði leitað. Þjónusta og tæknileg skilyrði yrðu skoðuð og svo er væntanlega úthlutað í kjölfarið með fyrirvörum um víkjandi notkun, truflanir o. fl. slík atriði.